

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

69. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 15. desember 2022

kl. 17:30 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Friðrik Valdimar Árnason, Magnús S Magnússon, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Friðjón Einarsson formaður er veikur og boðar forföll, Birgir Örn Ólafsson boðar forföll og kallar inn varamann, Friðrik Valdimar Árnason.

Dagskrá.

Varaformaður setur fundinn.

- Staða fjármála.
 - Jón fer yfir stöðu fjármála, búið er að greiða síðustu greiðslu til Ístaks sem er lokauppgjör vegna byggingar á nýju slökkvistöðinni.
 - Staða er annars samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Breyting á gjaldskrá BS.
 - Lögð er til hækkun gjaldskrár BS bs. um 9%. *Samþykkt af stjórn.*
- Viðaukar við fjárhagsáætlun.
- Slökkviliðsstjóri lagði fram viðauka við fjárhagsáætlun 2022 bæði til hækkunar og lækkunar liða sem ekki hefur áhrif á niðurstöðu ársins.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Staðan í samningaviðræðum við Sjúkratryggingar Íslands:

Lítið hefur gerst í endurnýjun samnings við SÍ, en þeir hafa átt tvo fundi með heilbrigðisráðuneytinu um málið, ég hef verið í beinu sambandi við Ólaf Gunnarsson sérfræðing hjá heilbrigðisráðuneytinu og sent honum umbeðnar launaupplýsingar um launaþróun BS síðustu 6 ára.

Sendi ég á SÍ póst þar sem ég ítrekaði að klára þurfi samning að öðrum kosti litum við svo á að ekki væri raunverulegur vilji til þess að gera sanngjarnan samning um sjúkraflutninga á Suðurnesjum við BS bs.

Kjarasamningar:

Um áramót munu laun starfsmanna hækka í samræmi við launahækkunir á hinum almenna vinnumarkaði, mér sýnist að sú hækkun sé á bilinu 7-10% en í okkar fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að hækkunin yrði 5%. Verði þetta raunin má gera ráð fyrir að vinnuliður næsta árs muni raska launaliði næsta árs.

- Stjórn harmar þann seinagang sem enn er á endurnýjun samnings um sjúkraflutninga á Suðurnesjum og leggur áherslu á að Sjúkratryggingar Íslands flýti þeirri vinnu þannig að samningur komist á sem fyrst báðum aðilum til hagsbóta.**

6. Önnur mál.

- Stjórn fagnar því að Brunavarnir Suðurnesja fengu 1 milljón í styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til kaupa á sýndarveruleika búnaði til æfinga slökkviliðsins og í eldvarnafræðslu almennings. Búnaðurinn mun draga verulega úr kolefningspori í þjálfun og fræðslu.

Fundi slitið kl.18:40